

2015:12 • 12. október 2015

Fjármálareikningar 2005–2014

Financial accounts 2005–2014

Samantekt

Samkvæmt niðurstöðum fjármálareikninga námu heildarfjáreignir innlendra efnahagsgeira íslenska hagkerfisins 1.173% af VLF í árslok 2014 en á sama tíma töldu fjárskuldbindingar 1.449% af VLF. Af heildarfjárskuldbindingum telja hæst fjárskuldbindingar fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja en fast á hæla þeirra koma fjárskuldbindingar fjármálafyrirtækja í slitameðferð en þær eru að mestu bundnar við erlenda kröfuhafa.

Fjáreignir og -skuldbindingar fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja jukust hratt á árunum 2005–2007, en hafa dregist mikið saman og náð ákveðnu jafnvægi á undanförunum árum.

Fjármálareikningar fjalla sérstaklega um fjármálafyrirtæki og undirgeira þeirra. Heildarfjáreignir fjármálafyrirtækja námu tæplega sjöfaldri landsframleiðslu í árslok 2014. Fjármálafyrirtæki í slitameðferð eru birt sérstaklega sem undirgeiri, en umfang þeirra í íslenska fjármálakerfinu er umtalsvert og verður þar til uppgjör á þrotabúum föllnu bankanna liggur fyrir. Einnig eru bundnar fjármálastofnanir nú birtar sem sérstakur undirgeiri. Heildarfjáreignir þeirra námu um 82,6% af landsframleiðslu í árslok 2014.

Heildarfjáreignir lífeyrissjóða námu 2.928 mö. kr. í árslok 2014 sem samsvarar 147% af VLF en fjármálareikningarnir gefa góða heildarsýn yfir breytingar á eignasafni lífeyrissjóðanna.

Samkvæmt fjármálareikningum voru hreinar fjáreignir hins opinbera neikvæðar um tæpa 475 ma. kr. í árslok 2014 sem jafngildir um 24% af VLF.

Fjáreignir heimila stóðu í 3.981 mö. kr. í árslok 2014 en heildarfjárskuldbindingar þeirra töldu 1.919 ma. kr. á sama tíma. Af fjáreignum heimilanna telja lífeyrisréttindi hæst eða 2.891,7 ma. kr. í árslok 2014. Hafa ber í huga að fastafjármunir, eins og fasteignir eru ekki meðtaldir í reikningunum, en samspil fjáreigna og annarra fjármuna gefa heildarsýn á eiginfjárstöðu heimilanna.

Inngangur

Fjármálareikningar eru flokkaðir eftir þátttakendum á fjármálamarkaði (efnahagsgeirum) og fjármálagerningum. Fjármálareikningarnir ná til stofnstærða fjáreigna og -skuldbindinga allra efnahagsgeira íslenska hagkerfisins og flæðistærða fyrir allt hagkerfið. Flæðistærðir má sundurliða í viðskiptafærslur, endurmat og aðrar magnbreytingar. Þær tímaraðir sem birtar eru og fjallað er um í þessari útgáfu ná yfir 10



ára tímabil, það er frá 2005–2014.¹ Niðurstöður eru birtar á verðlagi hvers árs en ekki sem samstæður (*e. consolidated*). Hagkerfinu er skipt í tvo yfirgeira, annars vegar innlenda aðila og hins vegar erlenda aðila (*e. Rest of the World*) sem eiga fjáreignir eða fjárskuldbindingar á Íslandi.

Þess ber að geta að Hagstofan vinnur sífellt að endurbótum á fjármálareikningum eftir því sem betri gögn liggja fyrir. Einn liður í því er flokkun fyrirtækja niður á geira. Breytingar á hagstærðum einstakra geira á milli ára geta því stafað af þessari endurflokkun. Helsta breytingin frá fyrri útgáfu nú er að bundin fjármálafyrirtæki (*e. captive financial institutions*) eru nú aðgreind frá fyrirtækjum öðrum en fjármálafyrirtækjum (*e. non-financial institutions*) með skýrari hætti en áður var. Nánar verður fjallað um þessa breytingu síðar í heftinu. Þá voru einnig nýlega teknir upp nýir, samhæfðir spurningalistar fyrir gangasöfnun banka og annarra fjármálafyrirtækja, í samræmi við þjóðhagsreikningastaðalinn ESA 2010. Hefur það í för með sér breytingar á tímaröðum milli ára, vegna skýrari aðgreiningar á milli sjóða og innstæða annars vegar og lána hins vegar.


Fjáreignir íslenska hagkerfisins

Fjáreignir erlendra aðila námu 29% af heildarfjáreignum íslenska hagkerfisins

Miklar sviptingar hafa verið í íslensku hagkerfi undanfarin ár. Ef litið er á heildarfjáreignir má sjá að eignir innlendra efnahagsgeira hafa staðið nokkuð í stað upp á síðkastið en þær námu ríflega 23.325 mö. kr. í árslok 2014 eða 1.173% af VLF. Á sama tíma námu heildarfjáreignir erlendra aðila innan íslenska hagkerfisins ríflega 9.601 mö. kr eða um 29% af heildarfjáreignum íslenska hagkerfisins. Fjáreignir erlendra aðila eru að mestu bundnar við fjárskuldbindingar fjármálafyrirtækja í slitameðferð. Þess ber að geta að þessar fjáreignir teljast til fjárskuldbindinga innlendra geira.

Mynd 1. Heildarfjáreignir og -fjárskuldbindingar innlendra efnahagsgeira

Figure 1. Total financial assets and liabilities of domestic sectors



Heildarfjárskuldbindingar innlendra aðila hafa minnkað nokkuð á undanförunum árum en í árslok 2014 námu þær 28.824 mö. kr. eða um 1.449% af VLF. Á sama

¹ Nálágast má fjármálareikninga aftur til ársins 2003 á vefsvæði Hagstofunnar, bæði stofn- og flæðistærðir sundurliðaðar niður á efnahagsgeira og fjármálagerninga. Í viðauka má sjá brot af þeim tímaröðum sem birtar eru.

tíma námu fjárskuldbindingar erlendra aðila hér á landi 4.093 mö. kr. eða rúmum 12,4% af heildarfjárskuldbindingum íslenska hagkerfisins.

Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki


Efnahagsgeirinn fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki nær til fyrirtækja í öðrum atvinnurekstri en fjármálastarfsemi og starfsemi opinberra aðila. Ekki er gerður greinarmunur á fyrirtækjum eftir atvinnugreinum að öðru leyti. Hér er því um að ræða fjölbreytta atvinnustarfsemi sem spannar allan hefðbundinn atvinnurekstur.

Gögn fyrir fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki eru ekki tiltæk fyrr en í desember ár hvert og því er um nálgun að ræða í þessari útgáfu fyrir árið 2014. Nálgunin felst í því að gögn ársins 2013 eru uppfærð með verðbreytingum á vísitölu neysluverðs. Raungögn 2014 fyrir þennan efnahagsgeira verða birt í mars 2016.

Eldri tímaraðir fyrir þennan geira hafa tekið nokkrum breytingum frá seinustu útgáfu vegna endurgreiningar flokka, sem nánar er lýst í kaflanum um eignarhaldsfélög. Helst ber að nefna að félög sem voru flokkuð sem eignarhaldsfélög árin 2003–2007 í fyrri útgáfum hafa nú verið flutt í þennan flokk.

Mynd 2. Fjáreignir og -skuldbindingar fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja

Figure 2. Total financial assets and liabilities of Non-financial institutions



Fjármálareikningar ná ekki til fastafjármuna og annarra efnislegra eigna

Þegar rýnt er í þróun fjármálastærða af þessu tagi er mikilvægt að gera sér grein fyrir styrkleikum og veikleikum þeirra niðurstaðna sem birtar eru. Hér er einungis tekið tillit til óefnislegra eigna og skulda, það er fjáreigna og -skuldbindinga. Ekki er horft til annarra eigna á borð við fasteignir, vélar og tæki eða annarra fasta- og rekstrarfjármuna sem fyrirtæki ráða yfir. Í fjármálareikningunum er ekki tekið tillit til innbyrðis skulda milli fyrirtækja innan sömu samstæðu, það er reikningarnir eru ekki birtir sem samstæður (*e. consolidated*). Þannig getur verið um nokkra tvítalningu að ræða ef mikið er um fjármálagerninga milli dóttur- og móðurfélaga. Eignarhaldsfélög eru nú birt sem sér efnahagsgeiri undir fjármálafyrirtækjum sem dregur úr þeim vanda.

Fjármálafyrirtæki

Í fjármálareikningum er að finna mjög ítarlega sundurliðun á starfsemi fjármálafyrirtækja. Þessi sundurliðun kemur sér vel í umfjöllun um íslenskan fjármálamarkað enda er markaðurinn fjölbreyttur og umfangsmikill þrátt fyrir að stutt sé síðan Ísland gekk í gegnum hina miklu fjármálakreppu.

Í fjármálareikningum fellur starfsemi fjármálafyrirtækja undir efnahagsgeirann S.12 sem skiptist í tíu² undirflokka. Yfirlit yfir heildarfjáreignir allra undirflokka fjármálafyrirtækja má sjá í töflu 3 í viðauka. Í þeirri töflu sést vel umfang og fjölbreytileiki íslenska fjármálakerfisins.


Í árslok 2014 námu heildarfjáreignir fjármálageirans alls tæpum 13.385 mö. kr. sem svarar til 673% af landsframleiðslu. Þar af eru heildarfjáreignir hefðbundinna innlánastofnanna tæpir 3.236 milljarðar.

Innlánsstofnanir

Grundvallarbreyting hefur orðið á starfsemi innlánsstofnana á því tímabili sem hér er til umfjöllunar. Fyrstu árin einkenndust af miklum vexti á öllum sviðum sérstaklega útlánamegin en til að mynda námu lán til viðskiptavina rúmum 391% af landsframleiðslu árið 2007. Stór hluti þessara lána var til aðila utan Íslands enda var íslenska bankakerfið í miklum útrásarham. Hluta af þessari útlánaaukningu má einnig skýra með innkomu innlánsstofnana á íbúðalánamarkað. Þegar umfang viðskiptabankanna náði hámarki námu heildarfjáreignir þeirra rúmlega sexfaldri landsframleiðslu.

Mynd 3. Fjáreignir innlánsstofnana

Figure 3. Financial assets of deposits taking corporations




Á árunum 2006 og 2007 einkenndist fjármögnun innlánsstofnana af skuldabréfa- og lánsfjármögnun en í kjölfar bakslags („litlu krísunnar“) árið 2006 varð sú breyting að aukin áhersla var lögð á breytta fjármögnun sem leiddi til þess að bankarnir hófu mikla innlánssöfnun erlendis sem að stórum hluta tengdist *Icesave*-reikningum Landsbankans.

² Fjármálafyrirtæki í slitameðferð eru flokkuð sem tíundi undirgeiri fjármálafyrirtækja, S.125X. Nálgast má tíma- raðir fyrir fjármálafyrirtæki í slitameðferð á vefsvæði fjármálareikninga á heimasíðu Hagstofu Íslands.

Mynd 4. Fjárskuldbindingar innlánsstofnana

Figure 4. Financial liabilities of deposits taking corporations



Eftir fall bankanna verða mikil umskipti á umfangi og samsetningu bankakerfisins hér á landi. Þessi umbreyting er í rauninni ekki enn um garð gengin, að hluta vegna þess að endanlegt uppgjör hefur enn ekki farið fram gagnvart gömlu bönkunum.³ Auk þess er endurskipulagningu lána ekki að fullu lokið og endanlegar afskriftir í tengslum við hana liggja því ekki fyrir.

Nýja bankakerfið er á margan hátt ólíkt hinu fyrra bæði hvað varðar samsetningu eigna og skulda. Á vissan hátt má segja að íslenska bankakerfinu svipti nú meira til þess sem var áður en útrásin hófst. Bæði heildarfjáreignir og –skuldbindingar innlánastofnana hafa farið lækkandi undanfarin ár en í árslok 2014 námu þær rúmlega 160% af landsframleiðslu.

Fjármálafyrirtæki í slitameðferð

Fjármálafyrirtæki í slitameðferð eru enn fyrirferðamikil


Þó dregið hafi úr umsvifum fjármálafyrirtækja í slitameðferð eru þau enn verulegur hluti af íslenska fjármálakerfinu. Af þeirri ástæðu eru niðurstöður ársreikninga þeirra birtar sem sérstakur undirgeiri fjármálafyrirtækja og eru tímaraðir þeirra tiltækar á vefsvæði fjármálareikninga Hagstofunnar. Þess ber að geta að þegar tímaraðir fyrir þennan efnahagsgeira eru skoðaðar má sjá jákvæðar viðskiptafærslur en þær endurspeglar áfallna vexti.

Árið 2009 voru heildarfjáreignirnar fyrirtækja í slitameðferð 223% af landsframleiðslu en árið 2014 var hlutur þeirra kominn í 121%. Á sama tíma hafa fjárskuldbindingarnar einnig lækkað jafnt og þétt. Í árslok 2009 voru fjárskuldbindingar fjármálafyrirtækja í slitameðferð 663% af landsframleiðslu en í árslok 2014 var hlutur þeirra 306%. Þrátt fyrir lækkun á fjárskuldbindingum þessara fyrirtækja hafa þær enn veruleg áhrif á íslenskt efnahagslíf. Heildarfjárskuldbindingar nema um 21% af öllum skuldbindingum innlendra geira og á meðan uppgjöri föllnu bankanna er ekki lokið hafa þær því áfram veruleg áhrif á fjárskuldbindingar íslenska hagkerfisins.

³ Með gömlu bönkunum er átt við þann hluta bankakerfisins sem skilinn var frá nýju bönkunum með lögum nr. 125/2008.

Mynd 5. Fjármálafyrirtæki í slitameðferð

Figure 5. Financial institutions in winding-up proceedings



Bundnar fjármálastofnanir


Talsverðar breytingar hafa átt sér stað í geiranum bundnar fjármálastofnanir (S.127) frá fyrri útgáfum, en til bundna fjármálastofnana teljast til dæmis eignarhaldsfélög. Ástæður þessara breytinga eru meðal annars bætt gagnasöfnun og betri gagnagrunnar hjá Hagstofu Íslands. Þeir gagnagrunnar gera kleift að flokka fyrirtæki með nákvæmari hætti í samræmi við kröfur þjóðhagsreikningastaðals ESA 2010.

Hins vegar eru þessi nýju gögn aðeins aðgengileg frá 2008 og enn á eftir að leggja talsverða vinnu í þau. Þar til þeirri vinnu er lokið munu öll fyrirtæki sem voru flokkuð sem bundnar fjármálastofnanir árin 2003–2007 í fyrri útgáfum verið flokkuð með fyrirtækjum öðrum en fjármálafyrirtækjum (S.11). Vonast er til að hægt verði að birta nákvæmari upplýsingar um þennan geira í komandi útgáfum, þar á meðal tímaráðir fyrir 2003–2007 sem ekki eru birtar sérstaklega í þessari útgáfu heldur teljast með geiranum fyrirtækjum öðrum en fjármálafyrirtækjum.

Árið 2014 námu heildarfjáreignir bundinna fjármálastofnanna 1.643 mö. kr. eða 82,6% af landsframleiðslu. Á sama tíma námu heildarfjárskuldbindingar tæplega 1.768 mö kr. eða 89% af landsframleiðslu.

Mynd 6. Fjáreignir og -skuldbindingar bundinna fjármálastofnanna


Figure 6. Financial assets and liabilities of captive financial institutions



Þegar hlutfallsleg skipting fjáreigna er skoðuð sést að langstærstur hluti þeirra er bundinn sem hlutafé annað en eigið fé og hefur sá hluti farið vaxandi. Framan af tímabilinu voru viðskiptakröfur einnig talsvert hátt hlutfall eignanna en sá þáttur hefur dregist mjög saman seinustu ár.

Mynd 7. Hlutfallsleg skipting fjáreigna bundinna fjármálastofnanna


Figure 7. Division of financial assets of captive financial institutions



Langstærsti hluti skulda eru lán, en hlutfall þeirra hefur haldist nokkuð stöðugt seinustu ár eða um 70% eins og sést á mynd 8.

Mynd 8. Hlutfallsleg skipting fjárskuldbindinga bundinna fjármála-fyrirtækja

Figure 8. Division of financial liabilities of captive financial institutions




Lífeyrissjóðir

Lífeyrissjóðir mynda ákveðna kjölfestu á markaðnum og því hafa sviptingar á fjármálamarkaði áhrif á stöðu þeirra. Þessar breytingar koma einkum fram í fjáreignum enda eru fjárskuldbindingar lífeyrissjóðanna að langmestu leyti lífeyrisréttindi sjóðsfélaga. Heildarfjáreignir lífeyrissjóðanna í árslok 2014 námu rúmum 2.928 mö. kr. sem samsvarar 147% af landsframleiðslu, sem er hátt í alþjóðlegum samanburði líkt og sést á mynd 9. Þess ber þó að geta að lífeyrissjóðakerfin eru mjög mismunandi milli landa.

Mynd 9. Fjáreignir lífeyrissjóða sem hlutfall af VLF

Figure 9. Pensions funds' assets as a % of GDP




Heimild Source: OECD.

Fjármálareikningar gefa góða heildarsýn á breytingar á eignasafni lífeyrissjóða frá ári til árs. Stærsti hluti eigna lífeyrissjóða eru verðbréf önnur en hlutabréf. Neikvæð áhrif í tengslum við eignabruna fjármálahrunsins koma fram árið 2008. Þá lækkuðu

tveir stærstu eignaflokkar lífeyrissjóðanna, þ.e. verðbréf önnur en hlutabréf og hlutafé og annað eigið fé.

Mynd 10. Fjáreignir lífeyrissjóða

Figure 10. Financial assets of pension funds



Fjárskuldbindingar lífeyrissjóðanna eru fyrst og fremst lífeyrisskuldbindingar við sjóðfélaga, en íslenska lífeyriskerfið er næstum að fullu fjármagnað (*e. fully funded*) í gegnum iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga og ávöxtun fjárfestinga.


Hið opinbera

Skuldir hins opinbera aukast hraðar en fjáreignir

Hið opinbera samanstendur af þremur undirgeirum, ríkinu, sveitarfélögum og almannatryggingum. Ríkið nær yfir bróðurpartinn af hinu opinbera eða um 89% af heildarfjáreignum og ríflega 87% af heildarfjárskuldbindingum miðað við árslok 2014. Fjáreignir hins opinbera hafa hækkað ört frá árinu 2007 eða um 597,5 ma. kr. og stóðu í ríflega 1.352 mö. kr. í árslok 2014. Heildarfjárskuldbindingar hins opinbera hafa aukist enn hraðar á sama tíma eða um tæplega 1.377 ma. kr. frá árslokum 2007 og stóðu í 1.827,5 mö. kr. í árslok 2014. Hreinar fjáreignir hins opinbera voru því neikvæðar um tæpa 475 ma. kr. í árslok 2014 sem jafngildir um 24% af VLF.

Mynd 11. Fjárskuldbindingar hins opinbera

Figure 11. Financial liabilities of the general government



Verðbréfaútgáfa og lántökur hins opinbera hafa hækkað um 1.281 mö. kr. frá 2007, en verðbréf stóðu í 878 mö. kr. í árslok 2014 og lántökur í 776,5 mö. kr. á sama tíma.

Heimili

Hreinar fjáreignir heimila jukust um 5% milli 2013 og 2014

Fjáreignir heimila jukust um 5% á milli 2013 og 2014 og stóðu í 3.981 mö. kr. í árslok 2014. Stærsti hluti þess eru kröfur heimila á lífeyrissjóði og váttryggingafélög, það er að segja lífeyrisréttindi og kröfur vegna skaða- og líftrygginga. Þær kröfur námu alls 2.891,7 mö. kr. í árslok 2014, eða um 73% af heildarfjáreignum heimila.

Á sama tíma námu heildarfjárskuldbindingar heimila 1.919 mö. kr. en 96% þeirra má rekja til lántöku. Hreinar fjáreignir heimila voru því jákvæðar um 2.062 ma. kr. í árslok 2014 en helsta ástæðan fyrir því eru fyrrnefndar váttryggingakröfur og lífeyrisréttindi. Á heildina litið er fjárhagsleg staða heimila því sterk. Rétt er þó að benda á að lífeyrisréttindin falla til sem tekjur í framtíðinni. Ef ekki er tekið tillit til þeirra eru fjáreignir heimila neikvæðar um 830 ma. kr. í árslok 2014.


Tekið skal fram að í fjármálareikningunum eru fasta- og rekstrarfjármunir ekki meðtaldir. Samspil fjáreigna og annarra eigna á borð við fasteignir er það sem ákvarðar heildareignastöðu heimilanna. Fasteignir og ökutæki hafa mikil áhrif á eiginfjárstöðuna, en í skattframtölum einstaklinga eru þær metnar á 3.421 ma. kr. árið 2014⁴, en eru eins og fyrr segir ekki taldar með í fjármálareikningum.

Hlutfall fjáreigna af landsframleiðslu hefur haldist nokkuð stöðugt frá árinu 2007, nam 201% í árslok 2007 en var 200% í árslok 2014. Sama má segja um fjárskuldbindingar heimilanna, en þær námu 117% af landsframleiðslu í árslok 2007 en lækkuðu í 97% í árslok 2014.

⁴ Skv. tölum um skuldir og eignir einstaklinga. Sjá heimasíðu Hagstofu Íslands, <http://hagstofa.is/pages/2979>.

Mynd 12. Fjáreignir heimila sem hlutfall af VLF


Figure 12. Financial assets of households as a percentage of GDP



Lántökur heimila virðast lækka á milli 2007–2008 sem má rekja til þess að viðskiptabankarnir tóku yfir lánasafn gömlu bankanna og skráðu upphaflega á lægra bókfærðu virði. Lánastofninn hefur verið færður upp í bókum bankanna á ný í takt við endurskipulagningu, uppgjör gömlu bankanna og áætlanir um innheimtu. Hægt er að skoða flæðistærðirnar til að fá hugmynd um breytingar á stofnstærðunum, en þar sem ekki eru birt mótgeiragögn er einungis um að ræða samtölu á viðskiptafærslum, magnbreytingum s.s. afskriftum og endurútreikningi, og endurmati vegna verð- og gengisbreytinga.

Mynd 13. Fjárskuldbindingar heimila sem hlutfall af VLF

Figure 12. Financial liabilities of households as a percentage of GDP



Um fjármálareikninga

Fjármálareikningar eru nú gefnir út í þriðja sinn í núverandi mynd, það er samkvæmt þjóðhagsreikningastaðli hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, ESA 2010 (e. *European System of Accounts*). Nánari upplýsingar um staðalinn er að finna í Hagtíðindum útgefnum 28. október 2014.

Tilgangur fjármálareikninga er að setja fram tölulegt yfirlit yfir fjáreignir og fjárskuldbindingar íslenska hagkerfisins, brotið niður á yfir- og undirgeira. Auk þess má finna upplýsingar um flæðistærðir þessara geira, sem eru viðskiptafærslur, aðrar magnbreytingar og endurmat á fjármálagerningum.

Grunnvinnsla fjármálareikninga er í höndum Hagstofu Íslands og Seðlabanka Íslands en lokafrágangur og afstemming reikninganna, vegna stofn- og flæðistærða, er á ábyrgð Hagstofunnar.

Til frekari upplýsinga er bent á lýsigögn fjármálareikninga. Lýsigögnin má nálgast á vefsvæði þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála á vefsíðu Hagstofu Íslands, www.hagstofa.is.

Framleiðsla og útgáfuferli

Fjármálareikningar eru birtir tvisvar á ári í samræmi við skilaskyldu Hagstofunnar við Eurostat. Árleg bráðabirgðagögn eru gefin út með 9 mánaða tímatöf, það er í lok september á hverju ári og lokagögn birt með 15 mánaða tímatöf, í mars. Sending gagna til hlutaðeigandi alþjóðastofnana fylgir í kjölfar þessara birtinga. Fjármálareikningarnir eru aðgengilegir á íslensku og ensku á vef Hagstofunnar.

Fyrirvari

Fjármálareikningarnir eru þróunarverkefni í deild þjóðhagsreikninga og opinberra fjármála á Hagstofu Íslands.

Til afstemmingar á reikningunum þarf að vera hægt að bera saman tiltæk gögn hvers geira við mótgögn (*e. counterpart data*) annarra geira. Umtalsverður mismunur getur verið á milli tveggja geira vegna sama gernings þar sem upplýsingar um fjárhæðir fást bæði frá lánardrottni og skuldunaut. Ýmsar prófanir eru gerðar til að skýra þennan mismun. Algengast er að ósamræmi sé í skilgreiningum á fjármálagerningum, að tímasetning viðskiptafærslna sé ekki sú sama og notuð er við reikningsskil eða að mismunandi aðferðum sé beitt við matið.

Erfitt er að draga upp rétta mynd af íslenska hagkerfinu á árunum 2007–2009 vegna vandamála við gögn í kjölfar fjármálahrunsins en glögglega má sjá straumhvörf (*e. structural break*) í flestum tímaröðum á þessum tíma. Vandasamt hefur verið að meta eignir og skuldir á þessu tímabili þar sem ekkert raunverulegt markaðsvirði er til staðar. Fall krónunnar og stöðugar sveiflur gjaldmiðilsins auka einnig misræmi í birtum gögnum. Þá voru gögn fjármálastofnanna minna sundurliðuð á fyrri árum sem hefur gert geiraflokkun vandasamari.

Misræmi er einnig í gögnum frá fjármálafyrirtækjum í slitameðferð og fjármálastofnunum en í innsendum efnahagsyfirlitum fjármálafyrirtækja í slituferli koma allar kröfur fram sem gerðar eru í þrotabúin. Eigendur þessara krafna hafa aftur á móti lækkað hluta af kröfunum þar sem ekki er gert ráð fyrir að allt innheimtist. Hafa bera í huga að tölur um lán eru á bókfærðu virði eins og það kemur fyrir í efnahagsreikningum innlánsstofnana.

Þá munar nokkru á niðurstöðum frumgagna fjármálareikninga sem fást frá hinu opinbera og fjármálafyrirtækjum og gögnum úr skattframtölum frá RSK. Munurinn er einna helst á tölulegum upplýsingum um verðbréf og lán sem rekja má til mismunandi skilgreininga á gerningunum, mismunandi uppgjörstímabila og gengis. Reynt hefur verið að draga úr þessum mismun eftir fremsta megni en við framtíðarvinnslu reikninganna þarf að rannsaka betur af hverju hann stafar.

English summary

Total financial assets of Iceland's domestic sectors stood at ISK 23,326 billion, accounting for 1,173% of GDP, while financial liabilities stood at ISK 28,824 billion, accounting for 1,449% of GDP at the end of 2014. In terms of GDP between the years 2013 and 2014, the outstanding stock of financial assets decreased by 5.3% and the liabilities by 6.9% over this period.

The non-financial corporations stocks of assets and liabilities registered a decrease in 2014, each at roughly 2% of GDP. A decline in loans, both assets and liabilities, of this sector at 3.6% and 6.4%, respectively, are predominantly responsible for the above mentioned changes.

Of the total domestic sectors of Iceland, understandably the financial institutions' sector registered the sharpest fall in both assets and liabilities. Their asset holdings decreased by 8.8% of the GDP, close on the heels of their liabilities at 9.3% decrease during the period of 2013-2014.

Of these, the steepest decline in both assets and liabilities was witnessed by deposit money banks at 15.8% of GDP and 13.8% of GDP, respectively. Decline in the holdings of currency and deposits contributed most to the fall in assets, while decrease in loans and accounts payable were primarily responsible for the decrease in liabilities. Of note is the fact that a better data collection system was put into place in 2014 which may also inform the changes between 2013 and 2014.

The general government financial assets and liabilities' stock stood at ISK 1,346 billion (67.7% of GDP) and ISK 1,828 billion (91.9% of GDP), respectively, at the end of 2014.

The total financial assets of the households sector stood at ISK 3,981 billion and liabilities at ISK 1,919 billion at the end of 2014. In terms of percentage of GDP, the financial assets stocks remained virtually unchanged over the years 2013 and 2014, while the liabilities experienced a 7.6% decline over this period. The households' borrowings amounted to ISK 1851 billion, while their holdings of cash and deposits stood at 646 billion at the end of 2014, indicating a decline in both by 7.4% and 1.4% of GDP, between the two years. Households' pensions accumulated to ISK 2,892 billion, or 146% of the GDP, in 2014.

The financial assets of rest of the world against Iceland stood at ISK 9,601 billion and liabilities at ISK 4,093 billion, or 482.7% of GDP and 205.8% of GDP, respectively, in 2014. In comparative terms, these figures experienced a decline on both sides – assets by 6.0% and liabilities by 9.3% between 2013 and 2014. Large write-offs of loans explain the majority of the decline in asset holdings of foreigners. At the same, there has been a decline in loans to Iceland by 44.0% between the years.

A brief note on methodology

Icelandic financial accounts follow the European System of Accounts 2010 regulations (ESA 2010).

The accounts have been developed as a result of collaboration between Statistics Iceland and the Central bank of Iceland with each institution specializing in a specific economic sector. Statistics Iceland is responsible for balancing and finalizing the accounts. This is done in a 'whom-to-whom' matrix format, providing information on both the sectors involved in an economic transaction (debtor and creditor sectors).

Financial balance sheets, government financial data and aggregated tax return statements are the primary data sources for assets and liabilities of various sectors. These data are reconciled to provide a more precise picture for the holding and issuing of each asset and liability stock in the economy.

The data for non-financial institutions for 2014 is on preliminary basis. Revised dataset is scheduled to be published in March 2016. The recent implementation of the Business Register at Statistics Iceland has strengthened the classification of data for all the sectors. However, sub-sector captive financial institutions have been assimilated in the non-financial corporations sector prior to (and including) 2007. After 2007, these institutions stand alone as a sub-sector of financial institutions.

Finally, it will be remiss to not mention that these accounts have erred on the side of a more conservative estimate in the face of looming uncertainty regarding the future of debt write-offs of financial institutions in the process of defeasance.

Tafla 1. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Allir innlendir geirar 2005–2014

Table 1. Total financial assets and liabilities: Total resident sectors 2005–2014

	Heildarfjáreignir Total financial assets				Heildarfjárskuldbindingar Total financial liabilities			
	Viðskipta- færslur Transactions	Aðrar magn- breytingar Other volume changes	Endurmat Revaluation	Stofnstærðir 31/12 Stocks 31/12	Viðskipta- færslur Transactions	Aðrar magn- breytingar Other volume changes	Endurmat Revaluation	Stofnstærðir 31/12 Stocks 31/12
2005	3.381.047	19.785	281.038	12.753.786	4.140.601	-252.399	233.801	13.942.525
2006	4.424.247	1.328.183	580.468	19.086.684	5.574.316	984.816	395.533	20.897.191
2007	9.010.887	-1.462.155	61.892	26.697.309	11.507.885	-3.272.574	50.146	29.182.647
2008	1.473.983	-1.834.906	1.726.183	28.062.569	10.157.537	-1.554.374	1.807.861	39.593.671
2009	-4.240.388	1.507.612	1.799.050	27.128.843	-3.790.049	405.164	1.306.975	37.515.760
2010	-1.186.803	-1.108.617	-193.094	24.640.328	-449.407	-1.516.081	-623.791	34.926.481
2011	-778.720	45.621	149.789	24.057.019	-1.061.869	-349.515	-160.419	33.354.678
2012	-835.121	206.404	441.349	23.869.651	-3.133.473	203.042	-46.567	30.377.681
2013	-463.674	-399.460	278.511	23.285.028	-216.891	-900.788	-33.097	29.226.906
2014	256.540	-302.008	86.212	23.325.771	357.438	-630.713	-129.576	28.824.055

Skýringar Notes: Verðlag hvers árs, milljónir króna. Million ISK at current prices.

Tafla 2. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki 2005–2014

Table 2. Total financial assets and liabilities: Non-financial institutions 2005–2014

	Heildarfjáreignir Total financial assets				Heildarfjárskuldbindingar Total financial liabilities			
	Viðskipta- færslur Transactions	Aðrar magn- breytingar Other volume changes	Endurmat Revaluation	Stofnstærðir 31/12 Stocks 31/12	Viðskipta- færslur Transactions	Aðrar magn- breytingar Other volume changes	Endurmat Revaluation	Stofnstærðir 31/12 Stocks 31/12
2005	1.510.678	-156.231	1.084	3.916.265	1.554.825	-231.719	41.115	4.965.449
2006	1.397.087	1.213.626	7.806	6.534.784	1.666.608	1.160.068	127.277	7.919.402
2007	5.428.656	-1.647.903	-2.141	10.313.397	5.654.672	-1.421.217	44.798	12.197.655
2008	-1.048.744	-1.886.665	101.879	7.479.867	-1.557.713	-759.134	140.515	10.021.324
2009	-1.962.562	393.922	13.748	5.924.976	-2.243.419	2.252.312	448.830	10.479.046
2010	-636.354	-81.945	207	5.206.884	-1.116.767	-526.888	-123.061	8.712.330
2011	-292.851	265.769	-41.513	5.138.288	-221.546	740.451	-26.298	9.204.937
2012	-694.792	547.393	4.979	4.995.868	-1.084.468	229.406	76.664	8.426.540
2013	-582.022	3.846	9.567	4.427.260	-36.188	-855.948	85.652	7.620.056
2014	108.543	-92.675	147.542	4.590.670	451.414	-188.535	16.215	7.899.151

Skýringar Notes: Verðlag hvers árs, milljónir króna. Million ISK at current prices.

Tafla 3. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Fjármálafyrirtæki og undirgeirar 2005–2014
 Table 3. Total financial assets and liabilities: Financial institutions and sub-sectors 2005–2014

	Heildarfjáreignir <i>Total financial assets</i>				Heildarfjárskuldbindingar <i>Total financial liabilities</i>			
	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>
Fjármálafyrirtæki alls								
<i>Financial corporations total</i>								
2005	1.377.263	336.902	207.625	6.527.121	2.367.093	40.602	194.032	7.542.337
2006	2.329.757	202.860	526.313	9.586.051	3.514.479	-77.006	209.819	11.189.629
2007	3.064.437	202.881	52.924	12.906.293	5.617.941	-1.868.536	-4.866	14.934.169
2008	2.091.868	-126.637	1.667.358	16.538.882	11.036.292	-692.829	1.356.529	26.634.160
2009	-2.589.563	1.092.181	1.794.281	16.835.781	-1.792.958	-1.856.241	726.140	23.711.101
2010	-765.169	-942.463	-156.521	14.971.628	527.147	-1.074.671	-358.237	22.805.339
2011	-719.910	7.425	88.695	14.347.839	-1.055.969	-1.035.825	-197.083	20.516.462
2012	-368.781	-291.538	370.209	14.057.729	-2.047.196	-14.610	-185.754	18.268.902
2013	-139.099	-376.917	282.674	13.824.389	-226.697	-11.279	-126.118	17.904.808
2014	-329.181	6.659	-147.853	13.354.015	-75.920	-405.483	-252.253	17.171.152
Seðlabanki Íslands								
<i>Central Bank of Iceland</i>								
2005	54.234	2.344	-4.199	170.569	56.013	-763	454	162.294
2006	115.291	42.091	3.540	331.491	155.133	-5.553	10.001	321.876
2007	19.456	140.378	-3.607	487.718	1.816.683	-1.659.504	-2.196	476.859
2008	650.232	-96.075	165.884	1.207.759	653.166	-75.129	132.565	1.187.460
2009	-255.054	-46.069	290.231	1.196.867	-187.630	-8.364	186.616	1.178.082
2010	168.080	124	-9.349	1.355.722	166.476	-2.003	-14.315	1.328.240
2011	237.520	-513	12.052	1.604.780	255.091	-46.797	49.241	1.585.775
2012	-537.534	0	32.926	1.100.171	-528.478	-1.230	18.887	1.074.954
2013	-3.924	-40.456	-17.998	1.037.793	-61.796	2.625	-12.006	1.003.777
2014	8.712	-26.702	-25.493	994.310	-24.115	-47	-22.329	957.286
Innlánsstofnanir <i>Other</i>								
<i>depository taking corporations</i>								
2005	917.264	389.202	11.476	3.606.086	1.809.386	-3.548	-10.608	4.274.097
2006	1.759.059	84.409	274.587	5.724.141	2.783.429	-164.695	127.398	7.020.229
2007	2.545.746	433.832	-50.754	8.652.965	2.964.384	287.326	3.500	10.275.438
2008	7.708.671	-11.654.179	1.686.983	6.394.440	3.945.802	-8.841.285	1.608.882	6.988.838
2009	-1.958.857	-327.603	1.318.314	5.426.294	-2.078.949	-192.984	629.904	5.346.809
2010	-542.661	96.275	-157.811	4.822.096	-403.459	4.952	-135.916	4.812.387
2011	-453.502	-260.474	10.010	4.118.130	-991.303	35.139	9.920	3.866.142
2012	-340.980	-211.791	43.063	3.608.422	-356.197	5.650	-523	3.515.072
2013	22.769	-77.086	73.982	3.628.087	-24.593	855	-4.854	3.486.480
2014	-342.387	19.846	-69.736	3.235.810	-242.352	-21.907	-40.228	3.181.993

Tafla 3. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Fjármálafyrirtæki og undirgeirar 2005–2014 (frh.)
 Table 3. Total financial assets and liabilities: Financial institutions and sub-sectors 2005–2014 (cont.)

	Heildarfjáreignir <i>Total financial assets</i>				Heildarfjárskuldbindingar <i>Total financial liabilities</i>			
	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>
Peningamarkaðssjóðir								
<i>Money market funds</i>								
2005	0	0	0	0	0	0	0	0
2006	0	0	0	0	0	0	0	0
2007	0	0	0	0	0	0	0	0
2008	0	0	0	0	0	0	0	0
2009	0	0	0	0	0	0	0	0
2010	0	0	0	0	0	0	0	0
2011	0	0	0	0	0	0	0	0
2012	15.263	0	0	15.263	19.624	0	0	19.624
2013	6.536	0	0	21.799	6.917	-93	0	26.449
2014	26.669	2.259	0	50.727	39.084	-17.960	3.264	50.837
Verðbréfa-, fjárfestinga og fagfjárfestasjóðir								
<i>Non-money market investment funds</i>								
2005	76.468	-1.492	20.768	371.718	-59.642	0	165.214	382.146
2006	70.852	-49.415	14.134	407.289	18.722	-1	53.036	453.903
2007	249.613	30.686	-954	686.634	247.107	0	-4.251	696.758
2008	-443.930	17.857	-38.730	221.831	141.187	1	-606.698	231.248
2009	-16.929	326	3.081	208.309	11.133	1.184	-27.051	216.514
2010	68.128	6.775	1.038	284.250	39.098	4.117	27.127	286.856
2011	77.365	7.968	199	369.782	76.302	-2.399	5.700	366.459
2012	53.214	-37.322	3.455	389.129	-37.785	134	49.362	378.169
2013	30.164	-6.582	11.392	424.103	-65.724	-1.411	110.560	421.594
2014	-18.050	12.498	8.585	427.135	-41.661	15.802	40.499	436.234
Önnur fjármálafyrirtæki								
<i>Other financial intermediaries</i>								
2005	213.458	-64.595	42.915	1.015.159	323.151	-363	38.973	1.355.017
2006	360.188	36.355	31.946	1.443.648	246.605	76.507	19.383	1.697.513
2007	283.688	-503.246	-2.256	1.221.834	426.309	-532.615	-1.918	1.589.288
2008	538.529	90.976	-46.710	1.804.630	309.296	-412.939	49.436	1.535.082
2009	7.628	752.577	29.245	2.594.080	-319.251	437.801	16.873	1.670.505
2010	-104.654	-786.725	-92.129	1.610.573	67.975	-260.392	164.384	1.642.471
2011	-43.326	-47.345	12.007	1.531.909	-34.568	-59.932	99.803	1.647.774
2012	10.478	-29.367	13.749	1.526.769	-129.154	-12.637	95.185	1.601.168
2013	9.483	-39.355	18.762	1.515.660	-42.203	-14.437	94.215	1.638.743
2014	-45.608	-30.300	25.613	1.465.365	-83.582	-2.371	69.657	1.622.447

Tafla 3. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Fjármálafyrirtæki og undirgeirar 2005–2014 (frh.)
 Table 3. Total financial assets and liabilities: Financial institutions and sub-sectors 2005–2014 (cont.)

	Heildarfjáreignir <i>Total financial assets</i>				Heildarfjárskuldbindingar <i>Total financial liabilities</i>			
	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>
Fjármálafyrirtæki í slitameðferð <i>Financial corporations in winding-up proceedings</i>								
2005	0	0	0	0	0	0	0	0
2006	0	0	0	0	0	0	0	0
2007	0	0	0	0	0	0	0	0
2008	-9.226.504	12.088.309	0	2.861.805	3.746.292	7.639.332	0	11.385.624
2009	-95.337	775.593	-5.275	3.536.786	734.240	-1.216.206	-372.111	10.531.546
2010	-33.301	-343.110	2.783	3.163.158	1.421.437	-833.991	-380.231	10.738.761
2011	-107.485	-49.115	-66.230	2.940.328	-473.626	-573.321	-362.729	9.329.085
2012	-119.201	24.384	83.389	2.928.901	-1.742.773	40.228	-356.131	7.270.409
2013	-284.707	-98.867	15.385	2.560.711	-376.016	108.381	-317.358	6.685.416
2014	-169.277	34.672	-26.513	2.399.593	-67.504	-211.633	-309.888	6.096.391
Þjónustuaðilar við fjármálafyrirtæki <i>Financial auxiliaries</i>								
2005	0	0	0	0	0	0	0	0
2006	0	0	0	0	0	0	0	0
2007	0	0	0	0	0	0	0	0
2008	148.805	53.334	0	202.138	276.360	35.220	0	311.580
2009	-87.381	-21.198	0	93.559	36.077	-35.179	0	312.478
2010	-4.278	-7.984	0	81.297	-296.028	67.340	0	83.791
2011	-12.929	-1.674	0	66.694	-812	-14.036	0	68.943
2012	-12.378	-16.789	0	37.526	-37.313	-249	0	31.381
2013	19.838	-4.858	0	52.506	12.796	-8.415	0	35.761
2014	-17.447	-126	0	34.933	6.728	-5.947	0	36.542
Bundin fjármálafyrirtæki <i>Captive financial institutions</i>								
2005	0	0	0	0	0	0	0	0
2006	0	0	0	0	0	0	0	0
2007	0	0	0	0	0	0	0	0
2008	2.847.708	-810.380	20.561	2.057.889	1.969.655	956.209	171.909	3.097.773
2009	-373.405	4.428	44.615	1.733.528	-148.468	-868.673	290.738	2.371.370
2010	-353.094	134.827	-2.876	1.512.384	-331.871	-314.930	-19.286	1.705.283
2011	-431.561	144.334	345	1.225.501	-71.657	-357.817	982	1.276.791
2012	521.756	109.510	7.175	1.863.942	496.359	-26.035	5.859	1.752.974
2013	-26.183	-107.522	-2.514	1.727.723	49.350	-80.979	3.331	1.724.677
2014	-70.670	-5.821	-8.210	1.643.021	84.857	-39.813	-1.798	1.767.923

Tafla 3. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Fjármálafyrirtæki og undirgeirar 2005–2014 (frh.)
 Table 3. Total financial assets and liabilities: Financial institutions and sub-sectors 2005–2014 (cont.)

	Heildarfjáreignir <i>Total financial assets</i>			Heildarfjárskuldbindingar <i>Total financial liabilities</i>				
	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>
Tryggingafélög								
<i>Insurance corporations</i>								
2005	13.652	-2.737	25.639	132.853	5.245	29.641	0	134.447
2006	477	17.752	15.384	166.465	25.173	7.610	0	167.229
2007	-14.882	-1.553	-931	149.099	-26.109	29.859	0	170.979
2008	14.113	6.164	-59.898	109.478	27.534	-76.124	435	122.825
2009	30.080	13.494	-1.450	151.601	-25.180	23.299	1.170	122.114
2010	-12.851	-7.226	2.620	134.144	-275.999	283.867	-1	129.980
2011	3.347	578	725	138.793	4.308	7.098	0	141.386
2012	-272	3.540	7.745	149.806	2.157	6.723	0	150.266
2013	-6.172	2.697	13.361	159.693	15.975	-7.743	-7	158.490
2014	9.828	-11.909	4.793	162.405	9.020	-12.749	8.571	163.332
Lífeyrissjóðir								
<i>Pension funds</i>								
2005	102.187	14.180	111.026	1.230.735	232.940	15.636	0	1.234.337
2006	23.890	71.669	186.723	1.513.018	285.417	9.126	0	1.528.880
2007	-19.185	102.785	111.425	1.708.043	189.567	6.399	0	1.724.845
2008	-145.755	177.356	-60.732	1.678.912	-33.000	81.886	0	1.773.732
2009	159.691	-59.367	115.521	1.894.757	185.071	2.881	0	1.961.684
2010	49.463	-35.419	99.204	2.008.004	139.516	-23.630	0	2.077.570
2011	10.663	213.667	119.588	2.351.922	180.296	-23.758	0	2.234.108
2012	40.874	-133.702	178.708	2.437.801	266.365	-27.194	1.607	2.474.886
2013	93.098	-4.889	170.303	2.696.314	258.597	-10.062	0	2.723.420
2014	289.049	12.242	-56.890	2.940.716	243.605	-108.858	0	2.858.167

Skýringar Notes: Verðlag hvers árs, milljónir króna. *Million ISK at current prices.*

Tafla 4. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Hið opinbera og undirgeirar 2005–2014

Table 4. Total financial assets and liabilities: General government and sub-sectors 2005–2014

	Heildarfjáreignir <i>Total financial assets</i>				Heildarfjárskuldbindingar <i>Total financial liabilities</i>			
	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>
Hið opinbera								
<i>General government</i>								
2005	59.913	3.992	-5.334	414.743	-6.602	-61.282	3.472	309.730
2006	253.111	-68.951	-3.253	595.650	151.989	-101.030	56.678	417.368
2007	65.946	80.318	-10.980	730.934	-588	19.910	14.085	450.774
2008	283.601	98.201	94.769	1.207.505	572.672	-112.692	248.989	1.159.743
2009	99.887	6.982	-16.510	1.297.865	218.714	1.213	50.695	1.430.365
2010	92.004	-35.106	-53.786	1.300.977	180.361	82.136	-127.838	1.565.024
2011	99.737	-142.267	69.060	1.327.506	156.051	-36.219	67.816	1.752.671
2012	-42.046	-5.573	20.966	1.300.852	-24.717	-11.227	63.058	1.779.786
2013	1.844	19.101	-66.249	1.255.548	-8.265	-44.519	13.204	1.740.205
2014	108.235	-54.711	37.685	1.346.757	13.252	-35.312	109.410	1.827.556
Ríkið								
<i>Central government</i>								
2005	49.949	7.213	-4.957	297.240	-9.673	-55.513	1.932	217.809
2006	237.764	-62.289	-3.129	469.585	83.806	-24.964	44.111	320.763
2007	33.840	75.339	1.627	580.391	16.035	-5.723	10.500	341.575
2008	268.114	87.035	95.877	1.031.418	530.043	-110.594	218.079	979.103
2009	88.291	5.562	11.604	1.136.874	205.790	205	42.490	1.227.588
2010	88.233	-35.917	-50.652	1.138.538	161.516	-1.256	-38.900	1.348.948
2011	107.839	-140.548	67.530	1.173.360	165.549	-30.297	63.317	1.547.517
2012	-39.634	-5.313	18.364	1.146.777	-32.081	-5.032	58.358	1.568.761
2013	706	18.924	-71.206	1.095.202	-15.502	-47.135	24.866	1.530.990
2014	118.042	-53.276	37.735	1.197.703	5.726	-28.359	89.960	1.598.316
Sveitarfélög								
<i>Local government</i>								
2005	3.224	0	-39	98.707	3.195	-5.769	1.540	83.030
2006	7.953	-2.453	-39	104.167	70.567	-76.066	12.567	90.098
2007	24.161	2.453	-12.783	117.998	-21.050	25.632	3.585	98.266
2008	3.682	11.169	-284	132.566	27.727	-2.098	30.910	154.805
2009	8.048	1.417	-2.960	139.071	22.405	1.008	8.205	186.423
2010	-6.771	812	-2.965	130.147	5.740	83.391	-88.938	186.616
2011	838	-1.717	1.198	130.466	5.422	-5.922	4.499	190.615
2012	-3.175	-260	-6	127.025	5.189	-6.195	4.701	194.310
2013	66	174	-305	126.960	7.221	2.616	-11.662	192.485
2014	-11.010	-1.445	1.358	115.863	4.997	-6.952	19.451	209.981

Tafla 4. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Hið opinbera og undirgeirar 2005–2014 (frh.)
 Table 4. Total financial assets and liabilities: General government and sub-sectors 2005–2014 (cont.)

	Heildarfjáreignir <i>Total financial assets</i>			Heildarfjárskuldbindingar <i>Total financial liabilities</i>				
	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>	
Almannatryggingar								
<i>Social security funds</i>								
2005	6.740	-3.221	-338	18.796	-124	0	0	8.891
2006	7.394	-4.208	-85	21.898	-2.384	0	0	6.507
2007	7.945	2.525	177	32.545	4.427	0	0	10.933
2008	11.804	-3	-824	43.522	14.902	0	0	25.835
2009	3.548	3	-25.153	21.920	-9.481	0	0	16.354
2010	10.542	-1	-170	32.291	13.106	0	0	29.460
2011	-8.940	-3	332	23.680	-14.921	0	0	14.540
2012	763	0	2.607	27.050	2.176	0	0	16.715
2013	1.071	3	5.262	33.386	15	0	0	16.731
2014	1.203	10	-1.409	33.190	2.529	0	0	19.259

Skýringar Notes: Verðlag hvers árs, milljónir króna. *Million ISK at current prices.*

Tafla 5. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Heimili 2005–2014Table 5. *Total financial assets and liabilities: Households 2005–2014*

	Heildarfjáreignir <i>Total financial assets</i>				Heildarfjárskuldbindingar <i>Total financial liabilities</i>			
	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>
2005	433.193	-164.878	77.664	1.895.657	225.286	0	-4.819	1.125.008
2006	444.292	-19.352	49.602	2.370.199	241.240	2.784	1.760	1.370.792
2007	451.849	-97.451	22.089	2.746.685	235.859	-2.730	-3.871	1.600.050
2008	147.258	80.194	-137.823	2.836.314	106.286	10.280	61.828	1.778.444
2009	211.850	14.526	7.531	3.070.221	27.614	7.880	81.310	1.895.247
2010	122.715	-49.104	17.007	3.160.840	-40.147	3.343	-14.655	1.843.789
2011	134.304	-85.305	33.547	3.243.386	59.595	-17.922	-4.854	1.880.608
2012	270.498	-43.877	45.195	3.515.201	22.907	-527	-535	1.902.453
2013	255.602	-45.491	52.519	3.777.831	54.259	10.958	-5.834	1.961.836
2014	315.652	-161.282	48.838	3.981.040	-38.264	-1.383	-2.948	1.919.241

Skýringar Notes: Verðlag hvers árs, milljónir króna. *Million ISK at current prices.***Tafla 6. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Félagasamtök 2005–2014**Table 6. *Total financial assets and liabilities: Non-Profit Institutions Serving Households (NPISHs) 2005–2014*

	Heildarfjáreignir <i>Total financial assets</i>				Heildarfjárskuldbindingar <i>Total financial liabilities</i>			
	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>
2005	0	0	0	0	0	0	0	0
2006	0	0	0	0	0	0	0	0
2007	0	0	0	0	0	0	0	0
2008	0	0	0	0	0	0	0	0
2009	0	0	0	0	0	0	0	0
2010	0	0	0	0	0	0	0	0
2011	0	0	0	0	0	0	0	0
2012	0	0	0	0	0	0	0	0
2013	0	0	0	0	0	0	0	0
2014	53.290	0	0	53.290	6.955	0	0	6.955

Skýringar Notes: Verðlag hvers árs, milljónir króna. *Million ISK at current prices.*

Tafla 7. Heildarfjáreignir og -skuldbindingar: Útlönd 2005–2014Table 7. *Total financial assets and liabilities: Rest of the world 2005–2014*

	Heildarfjáreignir <i>Total financial assets</i>				Heildarfjárskuldbindingar <i>Total financial liabilities</i>			
	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>	Viðskipta- færslur <i>Transactions</i>	Aðrar magn- breytingar <i>Other volume changes</i>	Endurmat <i>Revaluation</i>	Stofnstærðir 31/12 <i>Stocks 31/12</i>
2005	1.738.970	16.354	-47.001	3.601.290	979.406	288.459	-41	2.410.478
2006	2.832.562	-131.366	94.124	6.396.610	1.682.482	212.293	277.917	4.583.170
2007	3.799.448	-892.616	-40.776	9.262.667	1.302.478	917.639	-29.263	6.774.023
2008	5.122.933	-30.072	1.643.898	15.999.426	-3.560.611	-309.150	1.557.408	4.461.671
2009	-51.687	-1.396.246	-92.508	14.458.986	-502.025	-292.689	396.448	4.063.405
2010	860.047	-811.582	-454.613	14.052.836	122.650	-406.692	-23.105	3.756.257
2011	89.836	-518.549	-352.676	13.271.447	372.985	-122.199	-45.505	3.961.539
2012	-2.570.766	116.335	-332.955	10.484.062	-272.414	120.942	152.207	3.962.274
2013	9.912	51.657	-332.028	10.213.603	-236.871	555.586	-18.082	4.262.908
2014	-40.875	-265.086	-306.368	9.601.275	-141.780	63.517	-91.252	4.093.393

Skýringar Notes: Verðlag hvers árs, milljónir króna. *Million ISK at current prices.*

Hagtiðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National accounts**

100. árg. • 35. tbl.

ISSN 0019-1078

2015:12

ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 1.300 • € 11

Umsjón *Supervision* Hildur Gylfadóttir • Hildur.Gylfadottir@hagstofa.is

Jinny Gupta • Jinny.Gupta@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series